



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.06.2009

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (38. mál) og tillaga til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu (54. mál)

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna því að stjórnvöld hyggjast hafa viðtækt samráð við hagsmunaaðila um samningsmarkmið fyrir hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB). Einkum fagna SA því að reynt verður af hálfu stjórnvalda að ná fram samstarfi í gjaldmiðilsmálum, samhliða viðræðum um hugsanlega ESB aðild, til þess að styrkja gengi krónunnar. Innan SA eru þau sjónarmið ríkjandi að sú tilraun, sem staðið hefur frá þeim tíma sem Ísland gerðist aðili að EES-samningnum, með sjálfstæðan, íslenskan gjaldmiðil samhliða frjálsum fjármagnsflutningum, sé fullreynd. Hér á landi skapast ekki samkeppnishæf starfsskilyrði fyrir atvinnulíf með örsmáan, sjálfstæðan gjaldmiðil því vextir verða ávallt hærri en hjá samkeppnisaðilum og óstöðugleiki og verðbólga meiri. Opið hagkerfi, virk samkeppni og sambærilegir vextir og verðlagsþróun og hjá helstu viðskiptaþjóðunum eru nauðsynlegar forsendur fyrir því að íslenskt atvinnulíf vaxi og dafni og lífskjör landsmanna verði í fremstu röð.

Þar sem íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á opið og gagnsætt ferli í samningaviðræðunum og reglubundna upplýsingagjöf til almennings og hagsmunaaðila um gang aðildarviðræðna, bjóða SA fram krafta sína og þekkingu, til að tryggja að markmiðum stjórnvalda verði náð. Sömuleiðis bjóða SA fram aðstoð við störf faglegu viðræðunefndarinnar, sem til stendur að skipa af ríkisstjórninni, og SA munu jafnframt taka virkan þátt í störfum samráðshópsins, sem vera á viðræðunefndinni til ráðgjafar.

Samtök atvinnulífsins munu gæta hagsmuna allra aðildarfélaga SA á grundvelli þess að skoðanir innan samtakana eru skiptar um hvort sækja eigi um aðild Íslands að ESB eða ekki. Í desember 2008 voru kynntar niðurstöður skoðanakönnunar meðal félagsmanna SA, um afstöðu þeirra til þess hvort samtökin ættu að beita sér fyrir aðild Íslands að ESB og upptöku evru. Könnunin sýndi meirihluta í fimm aðildarsamtökum SA fyrir því, að samtökin beittu sér fyrir aðild og upptöku evru, en meirihluti í þremur aðildarsamtökum SA var andvígur. Á grundvelli könnunarinnar var staðfest að SA myndu ekki beita sér fyrir aðild Íslands að ESB.

Samtök atvinnulífsins og forverar þeirra hafa frá upphafi verið fylgjandi samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda hefur hann reynst íslensku efnahagslífi gríðarlega mikilvægur. Markmið samningsins er að tryggja frjálst flæði vöru, þjónustu og fjármagns ásamt frjálstri för fólks. Á undanförunum árum hefur samningurinn tryggt Íslendingum greiðari aðgang, en þó ekki óheftan, að sínum mikilvægustu mörkuðum. Þá hefur hann stuðlað að ýmsum jákvæðum



breytingum á lagaumhverfi íslensks atvinnulífs og tryggt okkur þátttöku í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum, t.d. á sviði rannsókna og þróunar, svo og á sviði menntamála. Umsóknarferli um aðild að ESB tekur sinn tíma og þurfa væntingar um það efni að vera raunsæjar. Þjóðin mun því áfram búa við EES-samninginn næstu árin.

Samtök atvinnulífsins vara við þeirri þróun sem vart hefur orðið að undanförmu að íslensk stjórnvöld glati metnaði sínum um áframhaldandi þátttöku í EES. Má í því sambandi benda á að í síðustu samanburðarathugun Eftirlitsstofnunar EFTA á innleiðingu EES gerða í landsrétt (e. Internal Market Scoreboard) er árangur Íslands lakastur allra EES-rikkjana þrjátíu, með 2,2% innleiðingarhalla (e. transposition deficit). Á þessu þarf sem fyrst að verða breyting. Meðal annars hefur verið mjög óeðlilegur seinagangur í innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar sem byggir á reglum ESB, en slíkt gæti teft í tvísýnu aðgangi íslenskra sjávarafurða að Evrópumörkuðum.

Tilskipun um frelsi í þjónustuviðskiptum er annað dæmi þar sem framgangi íslenskra stjórnvalda hefur ekki verið nægjanlega sannfærandi. Tilskipuninni er ætlað að efla þjónustuviðskipti innan ESB og EES með því að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum. Við það skapast stóruaukin viðskiptatækifæri. Er það fagnaðarefni þar sem frelsi í þjónustuviðskiptum milli landa hefur verið meira í orði en á borði. Tilskipunin hefur verið árum saman í undirbúningi innan ESB og síðan á vettvangi EES. Komu engar athugasemdir fram af hálfu íslenskra stjórnvalda fyrr en við lokafrágang málsins í sameiginlegu EES-nefndinni sl. vor, þegar þau ákváðu að gera lítt skiljanlega fyrirvara. Hliðstæðir fyrirvarar eru síðan endurteknir í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þar sem segir: „Meðal grundvallarhagsmuna Íslands eru: ... Að tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannajónustu á félagslegum forsendum“. Fyrirvarar þessir eru tilefnislausir. Þeir lúta ekki að hugsanlegri aðildarumsókn að ESB þar sem þjónustutílskipunin er innleidd með sambærilegum hætti í EES. Þeir eru auk þess óþarfir. Skilyrði til að reka almannajónustu ráðast af ákvæðum EES-samningsins og samsvarandi ákvæðum stofnsáttmála ESB ásamt með dómaframkvæmd. Engin þörf er fyrir Ísland að áskilja sér rétt til að víkja frá þeim reglum og engin líkur á að slíkt fengist samþykkt.

Annað svið EES-samningsins þar sem íslensk stjórnvöld hafa neyðst til að nýta sér heimild til að víkja tímabundið frá meginreglum samningsins er fjármagnshreyfingar. Í 45. gr. samningsins er hins vegar gerð sú krafa að þegar slíkar neyðarráðstafanir eru gerðar skuli þær vera þess eðlis að þær hafi í för með sér eins litla röskun á samningnum og kostur er og megi ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bóta á vanda í fjármagnshreyfingum sem upp hefur komið. Er augljóst að stjórnvöld þurfa að setja sér tímasetta áætlun um að gjaldeyrishöftum verði sem fyrst aflétt og takmarka gildissvið þeirra á meðan þau eru fyrir hendi.

Samkvæmt framansögðu er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram fullum metnaði við þátttöku í EES-samningnum. Slíkt er atvinnulífinu mikilvægt, auk þess sem það er nauðsynlegt til að skapa trúverðugleika hugsanlegrar aðildarumsóknar. Öll meiri háttar frávik geta spillt fyrir árangri í hugsanlegum aðildarviðræðum.

Nefna má einnig að íslensk stjórnvöld hafa að undanförmu verið að kanna aukna samvinnu við ESB og náíð samstarf við gerð nýs alþjóðlegs loftslagssamnings. Orkufrekur iðnaður mun frá árinu 2013 falla undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir. Fyrir liggur að þær útstreymisheimildir sem byggja á sérstöku ákvæði við Kyoto-bókunina samræmast illa viðskiptakerfi ESB. Með nánara samstarfi við Evrópusambandið og sameiginlegum heildarkvóta geta þau sérstöku vandamál verið úr sögunni sem skapast af því hve hagkerfið er



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

smátt, sveigjanleiki lítill og hve mikil áhrif einstök iðnaðarverkefni geta haft. Á þessu sviði er þannig verið að ræða útvíkkun á EES –samningnum.

Samtök atvinnulífsins eru og verða áfram vettvangur fyrir umræðu um aðild að ESB og fyrir ólíkar skoðanir þar sem vissulega togast á almenn sjónarmið sem lúta að almennri efnahagsstjórn og nánara samstarfi við Evrópuþjóðir og hagsmuni einstakra atvinnugreina, einkum sjávarútvegs og innlendrar matvælaframleiðslu. En innan SA hefur engu að síður um langt skeið verið unnið ýmislegt efni sem tengist Evrópusambandinu. SA eru mjög virk í starfi Evrópusamtaka atvinnulífsins, BUSINESSEUROPE í Brussel. BUSINESSEUROPE vinna mjög ótullega að því, að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið, ráðherraráð ESB, ESB aðildarríkin 27 og aðrar valdastofnanir í Evrópu. Þessi tengsl SA geta nýst íslenskum stjórnvöldum afar vel í hugsanlegum aðildarviðræðum við ESB

Virðingarfyllst

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Bargartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

